

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala.

Frá fjárlaganefnd

Á sínum tíma fjallaði fjárlaganefnd um frumvörp um stofnun opinbers hlutafélags um nýjan Landspítala og breytingartillögur við þau lög. Nefndin fékk til sín fjölmarga gesti þá bæði vegna framkvæmdarinnar sjálfar og vegna fjármögnunar hennar.

Við gerð umsagnar þessarar fékk nefndin Þórhall Arason og Hafsteinn S. Hafsteinsson frá fjármálaráðuneytinu á fund sinn. Nefndinni þykir skjóta skökku við að þingsályktunartillögunni sem fjallar nær eingöngu um fjármögnun framkvæmda hafi ekki verið vísað beint til fjárlaganefndar.

Rétt þykir að vekja athygli velferðanefndar á nefndaráliti fjárlaganefndar um frumvarp sem fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram á 141. þingi. Megintilgangur frumvarpsins var að breyta fyrri lögum með það að markmiði að framkvæmdin, eða í það minnsta stærstu hlutar hennar, yrðu í formi hefðbundinnar opinberrar framkvæmdar, í stað þess að ríkið leigði nýbyggingar af fasteignafélagi. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi 28. mars sl.

Í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar um fyrrgreint frumvarp segir m.a.: „Það var t.d. nær einróma álit gesta nefndarinnar að hagstæðara væri að um opinbera framkvæmd væri að ræða frekar en að ríkið færi svokallaða leiguleið, þ.e. að semja um langtímaleigu að loknu útbóði. Rökin fyrir breytingunum eru af ýmsum toga. Fram hefur komið að íslenskir verktakar hafa tæplega fjárhagslega burði til þess að standa undir áhættunni sem fylgir því að bjóða í verkefni af þessari stærðargráðu. Gjaldyrishöftin gera það síðan að verkum að alls óvíst er með áhuga og þátttöku erlendra verktaka. Yfirstjórn spítalans telur hagkvæmast og best að sem mest af verkefnum tengdum viðhaldi og rekstri fasteigna sé sinnt af spítalanum sjálfum en ekki utanaðkomandi aðilum.“

Þessi rök koma einnig fram í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu. Fjallað er um þau mál í 7. og 8. kafla athugasemdana þar sem fram kemur að væntanlega þurfi ríkið að færa heildarskuldbindinguna til gjalda í reikningum ríkisins á framkvæmdatíma verksins en ekki einungis leigugreiðslur eftir því sem þær greiðast. Í 14. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, segir að verksamninga skuli gjaldfæra í samræmi við framvindu verksins ljúki því ekki á reikningsári. Það er því ekki rétt sem fram kemur í tillögunni að með því að fela Nýjum Landspítala ohf. að annast framkvæmdir þurfi ekki að koma til gjaldaheimildir í A-hluta ríkissjóðs.

Það breytir því engu um afkomu ríkissjóðs hvort um opinbera framkvæmd eða leiguframkvæmd er að ræða. Eftir sem áður er vandinn sá að taka þarf lán til framkvæmdanna og í ljósi skuldastöðu ríkissjóðs og rekstrarafkomu er ekki ljóst hvernig takast á að fjármagna greiðslur vaxta og afborgana.

Í drögum að frumvarpi um opinber fjármál sem nefndin hefur kynnt sér, er gert ráð fyrir veigamikilli breytingu að því leyti að sýnd er fjárfesting ríkisadila í fastafjármunum enda verður hún eignfærð og afskrifuð á áætludum líftíma, í stað þess að gjaldfærast að fullu líkt og mælt er fyrir um í 14. gr. gildandi fjárreiðulaga. Samkvæmt þessum fyrirhuguðu

breytingum gjaldfærast bygging Landspítala ekki að fullu á byggingartíma, heldur á líftíma bygginganna. Engu að síður kallar framkvæmdin á ústreymi fjár úr ríkissjóði og svokölluð heildarafkoma ríkissjóðs verður sambærileg við núverandi heildarjöfnuð þar sem framkvæmdakostnaðurinn kemur allur fram á byggingartímanum.

Í greinargerð með þingsályktunartillögum eru nefndar þrjár leiðir til fjármögnunar framkvæmdarinnar. Fjárlaganefnd bendir á að í bókum ríkisins yrði væntanlega ekki gerður greinarmunur á fyrri leiðunum tveimur sem nefndar eru í þessu sambandi. Þ.e. fjármögnun með lántöku hjá lífeyrissjóðum eða með lántöku ríkisins mun í báðum tilfellum hafa í för með sér að ríkissjóður yrði að gjaldfæra fjárfestinguna eftir því sem framkvæmdum miðar áfram.

Þriðja leiðin er nefnd í tillögum, þar sem bent er á sérstaka tekjuöflun, svo sem eignasölu til að fjármagna bygginguna. Þar er um að ræða valkost sem útfæra þyrfti nánar.